

REGLUGERÐ**um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.**

1. gr.

Frá 10. nóvember 1983 til 15. maí 1984, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvíta, að vestan markast svæðið 23°42'0 V og að norðan 64°20'0 N.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. nóvember 1983.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ**um sérstakt línusvæði út af Melrakkaslétu.**

1. gr.

Á tímabilinu 10. nóvember 1983 til 31. janúar 1984, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Melrakkaslétu, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

a. 66°59'6 N	15°53'5 V
b. 67°06'8 N	15°50'5 V
c. 67°00'4 N	15°37'5 V
d. 67°07'4 N	15°34'0 V

2. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. nóvember 1983.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.